

**Nd.**

### **123. Tillaga**

til þingsályktunar um björgunarstarf og eftirlit með fiskibátum á Faxaflóa.

Flutningsm.: Pétur Ottesen, Ólafur Thors.

Alþingi ályktar að leggja fyrir ríkisstjórnina að láta eitt varðskipanna annast að staðaldri jafnframt landhelgisgæzlu björgunarstarf og eftirlit með fiskibátum og veiðarfærum þeirra á Faxaflóa á tímabilinu frá jólaföstuþyrjun til vetrarvertíðarloka.

#### **Greinargerð.**

Á meginhluta þess tímabils, er tillaga þessi ræðir um, eru gerðir út eigi færri en um 110 vélbátar frá veiðistöðvunum við Faxaflóa, og er hér þó ótalinn allmikill fjöldi opinna vélbáta. Sjósókn er þar, svo sem öllum er kunnugt, mjög hættusöm á þessum tíma árs, og er af þeirri ástæðu hin brýnasta nauðsyn, að þar sé tiltækt skip til verndar og öryggis mannlífunum. Þá verða og bátarnir oft fyrir þungum búsigjum í veiðarfæramissi af völdum botnvörpunga, en slíku hnekki má að mjög verulegu leyti afstýra, ef gæzluskip er á miðum úti. Hvorttveggja þetta má sameina því, að gætt sé og landhelginnar á svæðinu.